

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2019

Samantekt



Norræna
ráðherranefndin

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2019 – Samantekt

PolitikNord 2019:714

ISBN 978-92-893-6034-0 (PRINT)

ISBN 978-92-893-6035-7 (PDF)

ISBN 978-92-893-6036-4 (EPUB)

ISSN 1904-0040

<http://dx.doi.org/10.6027/PN2019-714>

© Norræna ráðherranefndin 2019

Umbrot: Erling Lynder

Prentun: Rosendahls

Printed in Denmark



Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efla í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Hlaða niður og panta norræn rit: www.norden.org/nordpub

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2019 – Samantekt

Efnisyfirlit

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2019	4
Heildarramma fjárhagsáætlunar og skipting milli sviða	6
Samanburður á fjárhagsáætlunum 2019 og 2018 (verðlag ársins)	7
Meginlínur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019	9
Pólítísk forgangsröðun Norrænu ráðherranefndarinnar 2019	11
Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2019	13
Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna	14
Áætlunð framlög landanna í eigin gjaldmiðli	15
Þróun fjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar	17
Þróun fjárhagsáætlunarinnar á árunum 2007–2019	18
Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2014–2017	20
Þróun lausafjárstöðu	22
Yfirlit yfir fjárlagaliði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar	23
Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í þeirra gjaldmiðli	30
Fylgiskjal 2: Gengi gjaldmiðla og verðbólguviðmið 2019	31

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2019

Viðtækt umbótastarf hefur á undanförunum árum sett mark sitt á norrænt samstarf. Í september 2016 samþykktu samstarfsráðherrar Norðurlanda áætlunina Ný Norðurlönd 2.0 sem er næsta skref í þessu sambandi. Í henni kemur fram að fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar eigi að veita ríkisstjórnnum Norðurlanda, atvinnulífi og borgaralegu samfélagi aukid athafnafrelsi. Af því spretta nýjar kröfur um sveigjanleika í fjárhagsáætluninni svo að unnt verði að mæta brýnum samfélagslegum áskorunum.

Í maí 2017 hófst þess vegna ferli sem miðaði að afmörkun sviða fyrir sérstök stefnumótandi verkefni. Með hliðsjón af tillögum allra ráðherranefnda voru þrjú málefnavið sett í sérstakan forgang: Stafvæðing, hreyfanleiki og kynning/menningarverkefni utan Norðurlanda. Breytt forgangsröðun í fjárhagsáætlun ársins 2019 er til marks um þetta þar sem 30 milljónum danskra króna er ráðstafað til verkefna sem er ætlað að efla starfsemi í þessum málaflokkum. Breytingin felst að hluta til í 1 prósentu niðurskurði á öllum sviðum fjárhagsætlunarinnar og að hluta í

markvissum niðurskurði en auk þess í forgangsröðun fjármuna sem gengu af við lok verkefna.

Á sviði stafvæðingar mun ráðherranefnd sem var sérstaklega skipuð árið 2017 hafa forystu um og skipuleggja samstarfsverkefni um stafræna þróun en samstarfið verður einnig eftt í mörgum öðrum málaflokkum.

Sú vinna sem greiða á fyrir frjálsri för mun eiga þátt í að efla viðleitni til að standa við framtíðarsýn forsætisráðherranna um Norðurlönd sem samþættasta svæði heims.

Mikill áhugi er á Norðurlöndum, innan Norðurlanda og á alþjóðlegum vettvangi. Forsætisráðherraverkefnið um norrænar lausnir á hnattrænum viðfangsefnum verður áfram í brennidepli á árinu 2019. Verkefnið er nátengt nýjum norrænum samstarfsáætlunum um að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með tilliti til Dagskrár 2030 og einnig aðgerðum til að kynna og marka Norðurlöndum stöðu utan þeirra sem haldið verður áfram af sama krafti. Alþjóðamál og sameiginlegir hagsmunir af málefnum sem tengjast ESB eru á dagskrá hjá öllum ráðherranefndunum. Árið 2019 verður

haldið áfram að þróa samstarfið við grannríki Norðurlanda innan ramma alþjóðasamstarfs.

Sem dæmi um vinnu við brýnar samfélagslegar áskoranir má nefna norrænt samstarf um aðlögun flóttafólks og innflytjenda sem hleypt var af stokkunum árið 2016, var framlengt og heldur áfram árin 2019–2021. Sömuleiðis verður haldið áfram með verkefni í því skyni að efla lýðræði, þátttöku og öryggi.


Á seinni árum hefur verið ráðist í nokkrar stefnumótandi úttektir á mismunandi málefnasviðum. Hefur komið í ljós að þær koma að góðum notum við að greina þörf á norrænu samstarfi í framtíðinni. Árið 2019 verður fjármunum því áfram ráðstafað í að fylgja eftir fyrirbyggjandi úttektum á sviði vinnumarkaðar og orku-, umhverfis- og félagsmála auk nýrrar úttektar á enn öðru sviði.

Liður í umbótastarfinu hefur verið að skýra nánar mark- og stefnumið norrænu fjárhagsáætlunarinnar. Jafnframt er tryggt að samráð og þátttaka bæði fagsviða og Norðurlandaráðs fari fram snemma í fjárhagsáætlunargerðinni. Í tillögunni að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er enn fremur skýrt betur hvernig talið er að fjárhagsáætlunin geti stutt við þverlægar stefnur um sjálfbæra þróun, börn og ungmenni og jafnréttismál.

Samráð við Norðurlandaráð um gerð fjárhagsáætlunarinnar hefur frá upphafi verið gott og uppbyggilegt. Á árlegum samráðsfundi um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar með fulltrúum Norðurlandaráðs haustið 2018 urðu aðilar ásáttir um málamiðlun. Hennar gætir í heild sinni í fjárhagsáætlunarritinu.

Heildarrammi fjárhagsáætlunarinnar er sambærilegur við ramma ársins 2018. Haldið verður uppteknum hætti í fjárhagsáætluninni árið 2019, í formennskutið Íslendinga, og gert ráð fyrir framlögum til forgangsverkefna og til verkefna formennskulandsins.

Samkvæmt óháðu mati árið 2018 hefur umbótastarfið tekist afar vel og skilað augljósum árangri. Norrænu ráðherranefndinni gengur betur að starfa og getur brugðist fljótar við vegna sveigjanleika í fjárhagsáætluninni til að láta til sín taka á þeim málefnasviðum sem sett hafa verið á oddinn. Þessi fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 veitir norrænu samstarfi möguleika til að taka frekari skref í átt að skilvirkara, framsæknara og málefnalega samstarfi.



Dagfinn Høybråten,
framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Heildarrammi fjárhagsáætlunar og skipting milli sviða

Rammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2019 nemur samtals **956.679 þúsund danskra króna** (á verðlagi ársins 2019) og er það óbreyttur rammi að raungildi miðað við fjárhagsáætlun ársins 2018.

Ramman er hægt að sundurliða á eftirfarandi hátt:

Heildarrammi	Þús. DKK
Samþykkt fjárhagsáætlun 2018 á verðlagi ársins 2017	950.862
Áhrif verðbólgu milli ára á verðlagi ársins 2018	14.950
Áhrif gengisbreytinga milli ára	-9.133
Samtals á verðlagi ársins 2018	956.679

Vegna framreiknings í fjárhagsáætlun ársins 2019 koma til verðbætur að upphæð 14.950 þúsund danskra króna, en það jafngildir hækkun fjárhagsáætlunarinnar um 1,6%. Umreikningur fjárveitinga til stofnana úr gjaldmiðli þeirra í danskar krónur felur í sér lækkun á fjárhagsáætlun að fjárhæð 9.133 þúsund danskra króna. Taka ber fram að þetta hefur engin raunveruleg áhrif á umfang fjárhagsáætlunarinnar (og framlög landanna) eða upphæð fjárveitinga til stofnana. Gengi gjaldmiðla er eingöngu notað til þess að umreikna fjárveitingar til stofnana í danskar krónur, en þær eru greiddar út í gjaldmiðli búsetulandsins.

Í töflunni á bls. 7 og 8 má sjá hvernig heildarrammi fjárhagsáætlunarinnar skiptist niður á fagsviðin árið 2019.

Samanburður á fjárhagsáætlunum 2019 og 2018 (verðlag ársins)

	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018	Mismunur Nafnv.	Leiðr.
1. Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM)	265.713	262.059	3.654	-533
a. Fjárveiting til forgangsverkefna	90.990	88.351	2.639	1.204
b. Alþjóðlegt samstarf	61.010	60.657	353	-608
i. Þar af skrifstofurnar*	16.108	16.015	93	-161
c. Önnur starfsemi og skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar	113.713	113.051	662	-1.129
i. Þar af skrifstofan (NMRS)	80.903	80.433	470	-804
2. Menntamál og rannsóknir (MR-U)	222.086	221.338	748	1.208
a. Almenn framlög til rannsókna og menntamála	4.463	3.427	1.036	966
b. Stefnumótun o.fl.	15.460	15.954	-494	-738
c. Ferðastyrkir og tengslanetsáætlanir	85.033	81.510	3.523	2.184
d. Norræna rannsóknarráðið, NordForsk (stofnun)	96.789	100.224	-3.435	-1.002
e. Annað rannsóknarsamstarf	20.341	20.223	118	-202
3. Félags- og heilbrigðismál (MR-S)	41.799	43.290	-1.491	-1.433
i. Þar af Norræna velferðarmiðstöðin (stofnun)	19.247	19.661	-414	0
4. Menningarmál (MR-K)	181.622	176.797	4.825	2.232
a. Almenn framlög til menningarmála	56.002	51.637	4.365	3.483
b. Börn og ungmenni	6.381	6.344	37	-63
c. Kvikmyndir og fjölmiðlar	32.410	32.222	188	-322
d. Listir	31.944	31.760	184	-318
e. Norrænu menningarhúsin (stofnanir)	48.156	48.144	12	-481
f. Önnur framlög til menningarmála	6.729	6.690	39	-67
5. Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)	42.125	42.164	-39	78
a. Fiskveiðar	6.611	6.512	99	-5
b. Landbúnaður og skógrækt	28.588	28.823	-235	95
i. Þar af Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen)	20.937	21.409	-472	-21
c. Matvæli	6.926	6.829	97	-12

* Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litáen og Norðvestur-Rússlandi

Samanburður á fjárhagsáætlunum 2019 og 2018 (verðlag ársins)

	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018	Mismunur Nafnv.	Leiðr.
6. Jafnréttismál (MR-JÄM)	9.376	9.322	54	-93
7. Sjálfbær hagvöxtur (MR-VÆKST)	129.593	132.402	-2.809	-1.324
a. Atvinnulíf	84.763	86.557	-1.794	-366
i. Þar af Nordic Innovation (stofnun)	67.589	69.653	-2.064	-366
b. Orkumál	12.407	13.213	-806	-632
i. Þar af Norrænar orkurannsóknir (stofnun)	9.052	9.279	-227	0
c. Byggðastefna	32.423	32.632	-209	-326
i. Þar af Nordregio, rannsóknarstofnun í skipulags- og byggðamálum	10.545	10.881	-336	-109
8. Umhverfis- og loftslagsmál (MR-MK)	47.180	46.402	778	36
9. Vinnumál (MR-A)	14.373	14.292	81	-143
i. Þar af Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd, NIVA (stofnun)	3.562	3.508	54	0
10. Efnahags- og fjármálastefna (MR-FINANS)	1.607	1.598	9	-16
11. Löggjafarsamstarf (MR-LAG)	1.205	1.198	7	-12
Norræn heildarfjárhagsáætlun	956.679	950.862	5.817	0

Meginlínur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019

Norræna ráðherranefndin er formlegur samstarfsvettvangur norrænu ríkisstjórnanna. Ráðherranefndin starfar á grundvelli Helsingforssamningsins frá 1971.

Löndin skiptast árlega á að gegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Íslendingar taka við formennskunni af Svíum árið 2019.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM) bera meginábyrgðina á samhæfingu starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Auk þess fer samstarfið fram í tíu fagráðherranefndum og einni sérskipaðri ráðherranefnd um stafvæðingu.

Heildarramma norrænu fjárhagsáætlunarinnar í ár er óbreyttur frá árinu 2018. Í maí 2017 hófst ferli til at afmarka svið fyrir sérstök stefnumótandi verkefni. Með hliðsjón af tillögum sviðanna voru þrjú málaflokkar settir í sérstakan forgang:

Stafræn væðing, hreyfanleiki og kynning/menningarverkefni utan Norðurlanda. Því hefur fjárveitingum til sviðanna innan heildarramma fjárhagsáætlunarinnar árið 2019 verið breytt til að unnt sé að ráðstafa 30 milljónum danskra króna til nýrra verkefna í því skyni að efla starfsemi innan þessara málaflokka.

Þetta hefur í för með sér viðbótarfjárveitingar til norrænu ráðherranefndanna um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt, um hagvöxt, um umhverfis- og loftslagsmál og um menntamál í þeim tilgangi að styðja við stafræna væðingu. Þá verða framlög ætluð vinnu við að ná markmiðum ráðherryfirlýsingarinnar um „Digital North“ fyrir atbeina hinnar nýstofnuðu ráðherranefndar um stafræna væðingu og á grundvelli yfirlýsingar forsætisráðherranna frá því í maí 2018 um 5G.

Árið 2018 voru kannaðir möguleikar á að efla frjálsa för innan Norðurlanda. Sjö milljónir danskra

króna eru ætlaðar til að fylgja eftir tilmælum skýrslunnar og athugasemdum fagsviðanna. Til að styðja við hreyfanleika á Norðurlöndum eru einnig ætlaðar 3 milljónir danskra króna til ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir svo að unnt verði að efla starfsemi á sviði menntaáætlunarinnar Nordplus.

Aðgerðum til að kynna og marka Norðurlöndum stöðu utan þeirra er haldið áfram með sambærilegum hætti og árið 2018 (u.þ.b. 10 milljónir danskra króna) en þar af er lagt til að 5 milljónum danskra króna verði ráðstafað árið 2019 til fjárhagsramma ráðherranefndarinnar um menningarmál vegna menningarstarfs í útlöndum.

Þá halda formennskuverkefni Norðmanna (frá 2017) og Svía (frá 2018) áfram á árinu 2019. Auk þess hleypa Íslendingar formennskuverkefnum sínum af stokkunum.

Fjárhagsáætlunin verður byggð á tillögum fagráðherranna að forgangsröðun og verður kynnt sem fjárhagsáætlunartillaga framkvæmdastjórans í júní 2018. Í framhaldinu verður hún send í umsagnarferli í löndunum. Samstarfsráðherrarnir taka ákvörðun um fjárhagsáætlunartillöguna í september 2018. Í nóvember 2018, að loknu samráði við Norðurlandaráð, samþykkja samstarfsráðherrar norrænu landanna endanlega útgáfu fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2019.

Pólitísk forgangsröðun Norrænu ráðherranefndarinnar 2019

Árið 2019 verður unnið áfram að því að norrænt samstarf verði öflugt og mikilvægt þegar brugðist er við sameiginlegum pólitískum viðfangsefnum landanna.

Fyrir árið 2019 hafa þrír málaflokkar verið settir í sérstakan forgang: Stafræn væðing, hreyfanleiki og kynning/menningarverkefni utan Norðurlanda.

Fjárveitingar samstarfsráðherranna til forgangsverkefna auka vægi norræna ríkisstjórnarsamstarfsins. Fjárveitingum til forgangsverkefna er ætlað að greiða fyrir nýjum og stærri þverlægum verkefnum/áætlunum auk formennskuverkefna landanna, en þau voru innleidd í fjárhagsáætlun á árinu 2013.

Auk þess að fjármagna stefnumótandi forgangsmál verða fjárveitingar til forgangsverkefna á árinu 2019 meðal annars notaðar til að halda áfram fjármögnun á forsætisráðherraverkefninu um norrænar lausnir á hnattrænum viðfangsefnum. Markmiðið með

verkefninu er að auka þekkingu og stuðla að samnorrænum verkefnum til að bregðast við alþjóðlegri eftirspurn eftir nýbreytni í samfélagslausnum. Verkefnið ber að vinna í samhengi við nýja norræna samstarfsáætlun um Dagskrá 2030 sem á að tryggja að löndin keppist við að ná sjálfbærnimarkmiðum SP. Einnig verður haldið áfram starfi innan hinnar víðtæku norrænu samstarfsáætlunar um aðlögun flóttafólks og innflytjenda. Má benda á að forgangsverkefni áætlunarinnar um lýðræði, þátttöku allra og öryggi (2016–2018) verður framlengt innan ramma samstarfsáætlunarinnar um aðlögun.

Í takt við umbæturnar undir yfirskriftinni Ný Norðurlönd (Nyt Norden) er í fjárhagsáætlun ársins 2019 lögð sérstök áhersla á að fylgja eftir stefnumótandi úttektum á sviði vinnumála, umhverfismála og félagsmála. Fjármunum er enn fremur ráðstafað til að hefja nýja úttekt á árinu.

Athafnir fólks og fyrirtækja þvert á landamæri innan Norðurlanda eru enn sem fyrr ofarlega á baugi hjá Norrænu ráðherra nefndinni, annars vegar í Stjórnarsýsluhindranaráðinu og starfsemi þess og hins vegar í nýrri þverlægrí áætlun um hreyfanleika sem áform eru um að hrinda í framkvæmd.

Áhersla Norrænu ráðherra nefndarinnar á alþjóðamál og ESB-mál hefur aukist í kjölfar umbótastarfsins Ný Norðurlönd. Alþjóðleg málefni og málefni ESB eru nú orðið á dagskrá allra ráðherra nefndanna. Fyrir vikið beina ráðherrarnir sameiginlega

yfirlýsingum og athöfnum að ESB og öðrum alþjóðastofnunum. Löndin vinna einnig saman að því að samhæfa löggjafarstarf landanna og innleiðingarferli ESB-gerða.

Ekki hefur farið framhjá Norrænu ráðherra nefndinni að áhugi á Norðurlöndum fer vaxandi um allan heim. Í tilefni af því heldur ráðherra nefndin áfram að kynna Norðurlönd og marka þeim stöðu sem aðlaðandi svæði fyrir ferðafólk, fyrirtæki og alþjóðlegt fjármagn. Samtímis heldur verkefni forsætisráðherranna áfram um norrænar lausnir á hnattrænum samfélagsáskorunum.

Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2019

Haustið 2018 fóru fram pólitískar viðræður milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um tillögu nefndarinnar til fjárhagsáætlunar og lauk þeim með eftirfarandi breytingum/útfærslum í fjárhagsáætlun ársins 2019:

- að Norrænar orkurannsóknir (NEF) greini á árinu 2019 sóknarfærni í sjálfbærri notkun lífmassa á Norðurlöndum, einkum hvað varðar samgöngur og upphitun. Beita ber evrópskri og hnattrænni nálgun eins og nokkur er kostur við greininguna og taka mið af þeirri vinnu á sviðinu sem Norrænar orkurannsóknir stunda nú þegar. Til verkefnisins eru ætlaðar 300.000 danskra króna frá Norrænum orkurannsóknum og 100.000 danskra króna af framlögum til verkefna tengdum skógrækt.
- að á vegum sérskipaðrar ráðherranefndar um stafræna væðingu (MR-DIGITAL) verði ráðstafað að minnsta kosti 800.000 danskra króna af fjárhagsáætlun 2019 í því skyni að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á rafrænum auðkennum landanna með það markmið að Norðurlönd verði heildrænt svæði hvað þau varðar.
- að ráðstafa 200.000 danskra króna af lið ráðherranefndar um umhverfis- og loftslagsmál til að hefja starfsemi í því augnamiði að draga úr losun örplasts sem getur borist í hafið og leggja sérstaka áherslu á hjólbarða sem eru helsti skaðvaldurinn. Starfsemin hefst með því að gera yfirlit um aðgerðir í hverju einstöku landi.
- að ráðstafa 4.000.000 danskra króna af framlögum til forgangsmála í fjárhagsáætlun ársins 2019 til forgangsverkefnis Svía „Fjarlækningar og rafrænir lyfseðlar yfir landamæri“ sem einnig felur í sér stafræna þróun á „nálægri heilbrigðisþjónustu“.

Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar er aðallega fjármögnuð með beinum framlögum landanna. Grundvallarreglan er sú að framlög landanna samsvari heildarfjárhagsrammanum að frádregnum gjöldum af launum starfsfólks, nettóvaxtatekjum og öðrum tekjum, sbr. töflu hér á eftir.

Framlög landanna eru ákveðin samkvæmt skiptireglu sem styðst við hlutdeild landanna í samanlögðum vergum þjóðartekjum miðað við framleiðsluverð síðustu tveggja ára sem tölur liggja fyrir um á Norðurlöndum (fyrir fjárhagsáætlun 2019 eru það árin 2015 og 2016).

TEKJUR	2016		2017		2018		2019	
Þús. DKK (á verðlagi ársins)	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla
Gjöld af launum	12.500		13.500		13.500		13.500	
Aðrar tekjur (t.d. vextir)	400		0		0		0	
Framlög landanna	914.646		921.591		937.362		943.179	
– Danmörk	177.441	19,4%	184.638	20,2%	197.783	21,1%	201.840	21,4%
– Finnland	143.599	15,7%	145.611	15,8%	150.915	16,1%	155.625	16,5%
– Ísland	7.317	0,8%	8.294	0,9%	9.374	1,0%	12.261	1,3%
– Noregur	295.431	32,3%	292.144	31,7%	283.083	30,2%	267.863	28,4%
– Svíþjóð	290.857	31,8%	289.380	31,4%	296.206	31,6%	305.590	32,4%
Samtals:	927.546	100%	935.091	100%	950.862	100%	956.679	100%

Áætluð framlög landanna í eigin gjaldmiðli

Samningurinn um aðgang að æðri menntun kveður á um að greiðslur milli landanna skuli gerðar upp í framlögum þeirra til hinnar árlegu fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Sú ákvörðun hefur því áhrif á framlög landanna í hinn samnorræna sjóð. Greiðsluákvæðið gildir um Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð. Greiðsluákvæðið gildir ekki um Ísland, Álandseyjar, Færeyjar og Grænland. Er því tekið tillit til gagnkvæmra greiðslna Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar

vegna greiðsluákvæðisins við framlög landanna til fjárhagsætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Ákveðið var á árinu 2018 að framlengja samninginn ótímabundið.

Í samningnum er kveðið á um að greiða skuli fyrir 75% þeirra námsmanna sem fá námslán frá sínu heimalandi og samkvæmt reglum sem þar gilda vegna æðri menntunar í öðru norrænu landi, enda falli menntunin undir 1. gr. samningsins. Nemar í rannsóknarnámi og ósérgreindu háskólanámi eru ekki taldir með.

Greiðslur, æðri menntun (þús. DKK)

	Fjárhagsáætlun 2016	Fjárhagsáætlun 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019*
Danmörk	-83.278	-78.963	-77.718	-74.000
Finnland	29.137	33.861	43.689	54.084
Ísland	0	0	0	0
Noregur	57.479	51.225	50.375	50.160
Svíþjóð	-3.338	-6.123	-16.346	-30.244
Samtals	0	0	0	0

* Fjárhæðirnar fela í sér tillögu að leiðréttingu á misræmi árunna 2014–2018

Árleg greiðsla fyrir hvern námsmann er 31.334 danskra króna á árinu 2019. Hvað varðar fjárhagsáætlun ársins 2019 er minniháttar misræmi milli samningstextans og þeirrar aðferðar sem beitt var við útreikninga á fjárhæð greiðslu fyrir hvern námsmann. Innifalið í töflunni neðst á bls. 15 er tillaga til leiðréttingar á þessu, sbr. lið 43/18 á fundi EK-U hinn 12. júní 2018.

Ráðherranefndinni berast tölfræðilegar upplýsingar frá námsstuðningsstofnunum landanna sem liggja til grundvallar þeim fjölda námsmanna sem ætlað er að fari á milli landa.

Hér að neðan sjást framlög landanna til Norrænu ráðherranefndarinnar í eigin gjaldmiðli samkvæmt gengi sem samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið. Fjárhæðirnar eru með tilliti til greiðsluákvæðis vegna æðri menntunar.

Fjárhagsáætlun 2019 – Áætluð framlög landanna í eigin gjaldmiðli

Danmörk	127.840 þús. DKK
Finnland	28.149 þús. EUR
Ísland	204.355 þús. ISK
Noregur	407.721 þús. NOK
Svíþjóð	372.089 þús. SEK


Þróun fjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar

Ein aðferð til að rannsaka þróun fjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar um lengri tíma er að bera rammann saman við samanlagða verga þjóðarframleiðslu landanna. Verg þjóðarframleiðsla Norðurlanda er samanlögð verg þjóðarframleiðsla Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Súluritið hér að neðan sýnir hlutfall fjárhagsrammans af vergri þjóðarframleiðslu Norðurlanda frá því á árinu 1995. Þar sést að fjárhagsrammi ráðherranefndarinnar hefur

minnkað á tímabilinu í samanburði við verga þjóðarframleiðslu.


Samanburðurinn á við um tímabilið 1995–2017 þar sem grunnur 1995=100. Hlutfallslega aukningu fjárhagsrammans 2009 má að mestu rekja til efnahagskreppunnar 2008. Verg þjóðarframleiðsla allra landanna minnkaði á árinu 2009 miðað við 2008. Þess vegna er fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar hlutfallslega hærri það ár miðað við verga þjóðarframleiðslu Norðurlanda.

Norræna fjárhagsáætlunin í hlutfalli við VPF Norðurlanda



Heimild: Eurostat

Þróun fjárhagsáætlunarinnar á árunum 2007–2019



Samstarfsráðherrarnir samþykktu fjárhagsramma ársins 2019 sem er sambærilegur ramma ársins 2018.

Hækkunina á árinu 2008 frá árinu áður ber að skoða í ljósi ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins 2008 þess efnis að fjármagna að hluta til hnattvæðingarverkefni sem forsætisráðherrarnir kynntu á fundi sínum í Punkaharju í Finnlandi í júní 2007. Heildarkostnaður verkefnisins var 60 milljónir danskra króna en rammi norrænu fjárhagsáætlunarinnar var


rýmkaður um 35 milljónir danskra króna.

Sökum gengisbreytinga dróst fjárhagsramminn saman á föstu verðlagi milli ára 2009 og 2010 en fjárhagsrammi ársins 2011 náði ekki sömu stærð og árið 2009. Ástæðan var sú að gengi norsku og sænsku krónunnar lækkaði töluvert gagnvart dönsku krónunni frá seinni hluta ársins 2008 fram á mitt ár 2009. Hækkunin milli ára 2011 og 2012 hélt áfram til ársins 2013 en hún varð einnig

vegna gengisbreytinga þegar gengi norsku og sænsku krónunnar hækkaði gagnvart dönsku krónunni. Skýra má tiltölulega mikið hrap á föstu verðlagi á árinu 2015 miðað við 2014 og áfram á árinu 2016 með lægra gengi norsku og

sænsku krónunnar gagnvart dönsku krónunni auk niðurskurðar í fjárhagsáætlun á árunum 2014–2016. Gengi norsku og sænsku krónunnar hélt áfram að falla sem skýrir lækkunina árin 2016 og 2017.

Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2014–2017



Óráðstafað fé er skilgreint sem fé sem ekki er búið að ákveða hvernig eigi að verja. Óráðstafað fé kemur einungis fram á fjárlagaliðum sem varða framlög til verkefna og áætlana. Þeir utanaðkomandi aðilar sem fá fjárveitingar ráðherra nefndarinnar til stofnana og félagasamtaka greiddar út hafa ráðstöfunarrétt yfir því fé. Í fjárhagsáætlun ráðherra nefndarinnar er þessu fjármagni ávallt ráðstafað að fullu, samkvæmt þeirri skilgreiningu. Fjárveitingar til verkefna og styrkja námu samtals u.þ.b. 58% af fjárhagsáætlun ráðherra nefndarinnar fyrir árið 2017.

Í tengslum við nýbreytni í fjárhagsáætlunarferlinu og innleiðingu á hugmyndalista framkvæmdastjórnans árið 2007 ákváðu samstarfsráðherrarnir að innleiða 20%-reglu og lágmarksupphæð sem nam 200.000 DKK. Þannig mátti ekki yfirfæra meira en 20% af tilteknum fjárlagalið til næsta árs en þó allt að 200.000 DKK. Þegar fjárhagsáætlunin var endurskoðuð árið 2014 var reglunni breytt í 15%-reglu og lágmarksfjárhæðinni í 150.000 danskra króna.¹

Samstarfsráðherrarnir ákváðu í maí 2009 að frá og með því

¹ Lægri mörkin eru sett af tilliti til lágra fjárlagaliða sem kæmu illa út ef eingöngu væri beitt hlutfallsútreikningi.

Óráðstafað fé í lok árana 2014–2017

Fagsvið (þús. DKK)	2014	% af stærð sviðsins	2015	% af stærð sviðsins	2016	% af stærð sviðsins	2017	% af stærð sviðsins	Lækkað samkvæmt 15%-reglunni
Fjárveiting til forgangsverkefna	3.939	5%	3.841	5%	2.372	3,10%	3.185	3,50%	421
Alþjóðlegt samstarf	2.618	3%	6.090	8%	653	0,90%	1.526	2,80%	
Menntamál og rannsóknir	1.970	1%	1.049	0%	1.422	0,60%	706	0,30%	
Félags- og heilbrigðismál	865	2%	268	1%	185	0,50%	612	1,60%	
MR-FJLS	1.714	4%	122	0%	367	0,90%	421	1,00%	
Menningarsamstarf	593	0%	1.473	1%	2.453	1,40%	2.677	1,50%	
Jafnréttismál	28	0%	142	2%	90	1,00%	180	2,00%	
MR-VÆKST	2.347	2%	1.541	1%	1.033	0,80%	288	0,20%	
Umhverfismál	629	1%	1.111	3%	699	1,60%	514	1,10%	
Vinumarkaður og vinnuvernd	883	6%	396	3%	150	1,10%	330	2,30%	
Efnahags- og fjármálastefna	67	4%	191	11%	41	2,30%	165	8,80%	
Löggjafarmál	209	15%	207	15%	211	15,00%	10	0,70%	
Önnur starfsemi	1.342	1%	1.190	1%	1.506	1,40%	1.727	1,60%	
Samtals	17.204	1,80%	17.623	1,90%	11.182	1,20%	12.341	1,30%	421

starfsári skyldi fé sem stæðist ekki 15%-kröfuna renna aftur til landanna uns náð yrði heildarendurgreiðslu sem næmi 35 milljónum danskra króna. Ákvörðunin var tekin í tilefni þess að rammi fjárhagsáætlunar 2008 var aukinn til eins árs um 35 milljónir danskra króna til fjármögnunar á hnattvæðingarverkefnunum.

Fylgiskjal 2 hefur að geyma stöðuyfirlit fyrir árið 2018 og

bókhaldsupplýsingar um alla fjárhagsáætlunarliði til loka maí 2018.

Í töflunni hér að ofan sést óráðstafað fé á árunum 2014–2017, enn fremur hvernig óráðstafað fé skiptist niður á ráðherranefndir í þúsundum danskra króna og hlutdeild þess í heildarfjárhagsramma fagsviðanna.

Þróun lausafjárstöðu


Á línuritinu hér að neðan eru tvær línur, sú gráa sýnir hámark lausafjárstöðunnar á hverjum ársfjórðungi og sú rauða lágmark. Lausafjárstaðan felur í sér heildarlausafjárstöðu ráðherranefndarinnar þar sem lausafé í erlendum gjaldmiðli er umreiknað í danskar krónur.

Árið 2008 fóru framlög landanna að berast fjórum sinnum í stað tvisvar á ári og hafði það áhrif á hreyfingar á lausafjárstöðu

ráðherranefndarinnar. Um mitt ár 2014 hófu löndin að greiða átta sinnum á ári, fjórar greiðslur í dönskum krónum og fjórar í eigin gjaldmiðli.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu í nóvember 2010 að færa greiðslur landanna til um tvo mánuði. Við það versnaði heildarlausafjárstaða ráðherranefndarinnar verulega þegar á árinu 2011 og stundum er hún nálægt núlli.

Lausafjárstaða



Yfirlit yfir fjárlagaliði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar

Þús. DKK	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
Fjárveitingar til forgangsverkefna (MR-SAM)	90.990	88.351
<i>Formennskusjóður, Svíþjóð</i>	15.240	15.225
1-8025 Fjarlækningar og rafrænir lyfseðlar milli landa	4.064	4.060
1-8026 Efling norrænna sjálfbærnislausna	4.064	4.060
1-8027 Sjálfbærar norrænar borgir með áherslu á loftslagsvænar samgöngur	4.064	4.060
1-8028 Félagsleg aðlögun og þátttaka ungs fólks sem býr á efnaminni svæðum	3.048	3.045
<i>Formennskusjóður, Noregur</i>	15.241	15.226
1-8019 Græn umskipti og samkeppnisfærni norrænna þéttbýlissvæða	3.353	3.045
1-8020 Blátt og grænt lífhagkerfi	3.861	3.756
1-8021 Heilsa	2.642	2.132
1-8022 Aðlögunarmál	5.385	5.075
1-8023 Efling á samstarfi utanríkismálastofnana landanna	0	1.015
1-8024 Norrænt orkumálasamstarf	0	203
<i>Formennskusjóður, Finnland</i>	0	15.225
1-8012 Hagtöluúttekt á hreyfanleika innan Norðurlanda og réttindum milli landa	0	3.806
1-8013 Fræðimannaskipti utanríkismálastofnana Norðurlanda	0	761
1-8014 Umhverfismerkið Svanurinn, hringrásarhagkerfi og umhverfisspor	0	761
1-8015 Velmegun íbúa á nýskapandi og opnum Norðurlöndum 2020	0	2.284
1-8016 Norrænt vegakort fyrir bláa lífhagkerfið	0	2.284
1-8017 Félags- og efnahagslegt notagildi yfirborðsvatns á norðurslóðum	0	1.523
1-8018 The Rising North	0	3.806

Pús. DKK	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
<i>Formennskusjóður, Ísland</i>	15.240	0
1-8031 Hafið – blár vöxtur í norðri	5.080	0
1-8032 Sjálfbær ferðamennska í norðri	5.080	0
1-8033 Ungt fólk á Norðurlöndum	5.080	0
<i>Forgangsverkefnasjóður</i>	45.269	42.675
1-8410 Pólitísk forgangsverkefni	3.937	5.583
1-8411 Pólitísk forgangsverkefni	8.128	8.722
1-8412 Til ráðstöfunar fyrir MR-SAM	2.082	2.070
1-8420 Kynning og mörkun stöðu á alþjóðavettvangi	5.314	10.333
1-8510 Ný þverlæg verkefni	7.112	4.517
1-8520 Norrænar lausnir á hnattrænum samfélagsáskorunum	10.394	10.333
1-8530 MR-DIGITAL	8.302	1.117

Pús. DKK	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
Önnur starfsemi og skrifstofan (MR-SAM)	113.713	113.051
<i>Önnur starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar</i>	32.810	32.618
1-0410 Samband Norrænu félaganna	3.411	3.391
1-0425 Framlag til Grænlands	765	761
1-0435 Ráðstöfunarsjóður framkvæmdastjórans	436	433
1-0460 Sjálfbær þróun (áður Sjálfbær Norðurlönd)	3.197	3.179
1-1011 Upplýsingastarfsemi	3.021	5.730
1-1012 Norðurlönd í brennidepli	4.866	4.837
1-1013 Tölulegar upplýsingar	2.743	0
1-1030 Info Norden	6.734	6.695
1-1036 Stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum	5.167	5.137
1-1050 Starfsmannaskipti	1.219	1.212
1-2534 Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.251	1.243
<i>Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)</i>	80.903	80.433
1-0180 Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	80.903	80.433

Pús. DKK	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
Alþjóðlegt samstarf (MR-SAM)	61.010	60.657
1-0820 Grannsvæðasamstarf Norðurlanda	30.856	30.677
1-0980 Samstarf á landamærasvæðum	1.084	1.078
1-0960 Félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu	0	0
1-0810 Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litáen og Norðvestur-Rússlandi	16.108	16.015
1-0850 Alþjóðastarf	1.853	1.842
1-0870 Samstarfsáætlun um málefni norðurskautssvæðisins	9.212	9.159
1-0950 Aðgerðir vegna Hvíta-Rússlands	0	0
1-0990 Samstarf við grannsvæði Norðurlanda í vestri	1.897	1.886

Pús. DKK	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
Menntamál og rannsóknir (MR-U)	222.086	221.338
<i>Almenn framlög til menntamála og rannsókna</i>	4.463	3.427
2-2505 Ráðstöfunarfé – Menntamál og rannsóknir	4.463	3.427
<i>Stefnumörkun o.fl.</i>	15.460	15.954
2-2544 Norrænt tungumálasamstarf	7.273	7.230
2-2553 Stefnumótun, þekkingarsamfélagið og innviðir upplýsingatækni	0	585
2-3127 Stefnumörkun um nám fullorðinna	8.187	8.139
<i>Ferðastyrkir og tengslanetaáætlanir</i>	85.033	81.510
2-2513 Nordplus	79.422	75.931
2-2515 Norræna meistaranámsáætlunin	5.611	5.579
<i>Stofnun</i>	96.789	100.224
2-3100 Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)	96.789	100.224
<i>Annað rannsóknasamstarf</i>	20.341	20.223
2-3180 Norræna kjarneðlisfræðistofnunin (NORDITA)	8.257	8.209
2-3181 Norræna sjóréttarstofnunin (NIFS)	2.462	2.447
2-3182 Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	3.900	3.878
2-3184 Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)	3.986	3.963
2-3185 Norræna Samastofnunin (NSI)	1.736	1.726

Þús. DKK	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
Menningarmál (MR-K)	181.622	176.797
<i>Almenn framlög til menningarmála</i>	56.002	51.637
4-2203 Ráðstöfunarfé – Menningarmál	715	711
4-2205 Norræni menningarsjóðurinn	36.299	36.088
4-2206 Verðlaun Norðurlandaráðs	4.372	4.345
4-2208 Stefnumótandi aðgerðir	14.616	10.493
<i>Börn og ungmenni</i>	6.381	6.344
4-2212 Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK)	6.381	6.344
<i>Kvikmyndir og fjölmiðlar</i>	32.410	32.222
4-2222 Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	29.350	29.180
4-2228 Norræna gagnamiðstöðin um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	3.060	3.042
<i>Listasviðið</i>	31.944	31.760
4-2251 Menningar- og listaáætlunin	16.853	16.756
4-2253 Norrænir þýðingarstyrkir	3.190	3.172
4-2254 Norræn-baltnesk ferðastyrkjaáætlun á menningarsviði	11.901	11.832
<i>Norræn menningarhús (stofnanir)</i>	48.156	48.144
4-2270 Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)	12.862	13.046
4-2272 Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH)	14.068	13.986
4-2274 Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ)	3.057	3.041
4-2277 Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.593	6.555
4-2548 Norræna menningargáttin (NKK)	11.576	11.516
<i>Annað menningarsamstarf</i>	6.729	6.690
4-2232 Önnur menningarstarfsemi	2.756	2.741
4-2234 Samískt samstarf	3.973	3.949

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
	Jafnréttismál (MR-JÄM)	9.376	9.322
	<i>Framlög til verkefna</i>	9.376	9.322
6-4410	Framlög til verkefna – Jafnréttismál	3.692	3.670
6-4420	Styrkir/jafnréttissjóður jafnréttisráðherranna (MR-JÄM)	3.003	2.986
6-4480	Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjafræði (NIKK)	2.681	2.666

Þús. DKK		Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
	Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)	42.125	42.164
5-6420	Ný norræn matargerð	949	953
	<i>Fiskveiðar</i>	6.611	6.512
5-6610	Framlög til verkefna – Fiskveiðar	6.611	6.512
	<i>Landbúnaður og skógrækt</i>	28.588	28.823
5-6510	Framlög til verkefna – Landbúnaður	396	1.098
5-6520	Norræna nefndin um landbúnaðar- og matvælarannsóknir (NKJ)	988	150
5-6310	Framlög til verkefna – Skógrækt	321	322
5-6581	Norrænar skógarrannsóknir (SNS)	5.946	5.844
	<i>Stofnun – Landbúnaður</i>	20.937	21.409
5-6585	Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen)	20.937	21.409
	<i>Matvæli</i>	5.977	5.876
5-6810	Framlög til verkefna – Matvæli	5.394	5.302
5-6830	Norræn framkvæmdaáætlun um betri heilsu og lífsgæði	583	574

Þús. DKK	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
Félags- og heilbrigðismál (MR-S)	41.799	43.290
<i>Framlög til verkefna</i>	22.552	23.629
3-4310 Framlög til verkefna – Félags- og heilbrigðismál	4.163	5.530
3-4311 Norrænt samstarf í heilbrigðismálum	3.389	3.336
3-4312 Norrænt samstarf í félagsmálum	3.404	3.350
3-4320 Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks	1.199	1.180
3-4340 Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (Nomesko) og Norræna hagsýslunefndin (Nososko)	2.020	1.988
3-4382 Norræna tannlækningastofnunin (NIOM AS)	8.377	8.245
<i>Stofnun</i>	19.247	19.661
3-4380 Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	19.247	19.661

Þús. DKK	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
Sjálfbær hagvöxtur (MR-VÆKST)	129.593	132.402
<i>Atvinnulíf</i>	84.763	86.557
7-5140 Framlög til verkefna – Atvinnulíf	1.553	1.529
7-5280 Norræni verkefnaútflutnings sjóðurinn (Nopef)	15.621	15.375
<i>Stofnun – Atvinnulíf</i>	67.589	69.653
7-5180 Nordic Innovation (NI)	67.589	69.653
<i>Orkumál</i>	12.407	13.213
7-5141 Framlög til verkefna – Orkumál	3.355	3.934
<i>Stofnun – Orkumál</i>	9.052	9.279
7-3220 Norrænar orkurannsóknir (NEF)	9.052	9.279
<i>Byggðastefna</i>	32.423	32.632
7-5143 Framkvæmd samstarfsáætlunarinnar	6.825	6.786
7-5151 Norræna Atlantssamstarfið (NORA)	6.768	6.728
7-5160 Samstarf landamærasvæða	8.285	8.237
<i>Stofnun – Byggðamál</i>	10.545	10.881
7-6180 Norræn rannsóknarstofnun í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)	10.545	10.881

Þús. DKK	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
Umhverfis- og loftslagsmál (MR-MK)	47.180	46.402
8-3310 Ráðstöfunarfé – Umhverfismál	4.095	4.240
8-3311 Vinnuhópar á umhverfissviði	25.136	25.326
8-3312 Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs	852	848
8-3320 Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	11.643	11.576
8-6720 SVANURINN – Norræna umhverfismerkið	5.454	4.412

Þús. DKK	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
Vinumál (MR-A)	14.373	14.292
<i>Framlög til verkefna</i>	<i>10.811</i>	<i>10.784</i>
9-4110 Önnur framlög til verkefna – Vinnumál	1.097	1.080
9-4111 Vinnustaður- Fastanefndir	4.694	4.689
9-4120 Nordjobb	3.324	3.321
9-4130 Samskipti um vinnumál	1.696	1.694
<i>Stofnun</i>	<i>3.562</i>	<i>3.508</i>
9-4180 Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)	3.562	3.508

Þús. DKK	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
Efnahags- og fjármálastefna (MR-FINANS)	1.607	1.598
10-5210 Framlög til verkefna – Efnahags- og fjármálastefna	1.607	1.598

Þús. DKK	Fjárhags- áætlun 2019	Fjárhags- áætlun 2018
Löggjafarsamstarf samtals (MR-LAG)	1.205	1.198
11-7110 Framlög til verkefna – Löggjafarsamstarf	1.205	1.198

Fylgiskjal 1

Fjárveitingar norrænna stofnana		2019	2018	
MR-U				
2-3100	NordForsk	124.088.000	123.733.000	NOK
MR-S				
3-4380	Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	26.009.000	25.534.000	SEK
MR-K				
4-2270	Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)	214.367.000	210.419.000	ISK
4-2272	Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH)	14.068.000	13.986.000	DKK
4-2274	Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÁ)	410.400	408.700	EUR
2-2277	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.593.000	6.555.000	DKK
2-2548	Norræna menningargáttin (NKK)	1.553.800	1.547.800	EUR
MR-FJLS				
5-6585	Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen)	28.293.000	27.804.000	SEK
MR-VÆKST				
7-5180	Nordic Innovation (NI)	86.653.000	85.991.000	NOK
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	11.605.000	11.456.000	NOK
7-6180	Norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)	14.250.000	14.131.000	SEK
MR-A				
9-4180	Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)	478.000	472.000	EUR

Fylgiskjal 2

Gengi 2019

100 EUR	=	745 DKK
100 ISK	=	6,0 DKK
100 NOK	=	78 DKK
100 SEK	=	74 DKK

Verðbólguviðmið 2019

Danmörk	1,6%
Finnland	1,4%
Ísland	2,9%
Noregur	1,3%
Svíþjóð	1,86%

Reikningsstuðull vegna verkefna er 1,6% fyrir árið 2019.



Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org